
Auglýsing um breytingu á gjaldskrá fyrir kattahald í Hveragerðisbæ, nr. 1358/2011.

1. gr.

1. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Þeir sem fá heimild til að halda kött, sbr. 1. gr. samþykktar nr. 556/2007 með áorðnum breytingum, um kattahald í Hveragerði skulu greiða fyrir það skráningargjald kr. 4.900 sem rennur í bæjarsjóð. Jafnframt skal eigandi kattar greiða árgjald kr. 4.300 sem rennur í bæjarsjóð. Er gjöldunum ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd fyrrgreindrar samþykktar sbr. 2. gr. hennar.

2. gr.

Breyting þessi er samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 13. desember 2018 með tilvísun til heimildar í samþykkt um kattahald í Hveragerði nr. 556/2007, sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Hveragerði 13. desember 2018


Aldís Hafsteinsdóttir
Bæjarstjóri.

